



Tillögur til hagræðingar

Stjórnsýslan

Nota opin hugbúnað t.d. Open Office - byrja í skólum

Þjóða út endurskoðun bæjarins.

Gerð verði krafa um niðurskurð:

Skipulags- og byggingarmál $1,0 - 0,9\% = 0,1\%$

Samgöngumál og umferðarmál $6 - 3\% = 3\%$

Sameiginlegur kostnaður $9\% - 2\% = 7\%$

Ná inn tekjum fjármagnstekjufólks.

Rukka aukagjald til bæjarins frá þeim sem ekki greiða útsvar

Draga úr yfirstjórn bæjarins

Minnka yfirstjórn bæjarins

Lækka laun í yfirstjórn bæjarins

Eiga frekar en að leigja tölvur

Lágmarka gengisáhættu – ísl. krónur

Rukka aukagjald til bæjarins frá þeim sem búa hér og leggja ekkert til samfélagsins , þ.e.a.s. þeir sem lifa einungis á fjármagnstekjum. Þeir eiga ekki að fjá þjónustu.

Nefndir

Allar nefndir launalausar, bæjarbúar eru alveg tilbúnir að vinna þetta launalaust.

Sameina nefndir - fækka nefndum – minni laun fyrir nefndarstörf. Gera samanburð við önnur sveitarfélög um laun í nefndum.

Allar nefndir bæjarins verði launalausar nema bæjarráð og bæjarstjórn

Laun vegna nefndarsetu eiga ekki að vera hvati til að sitja í nefndum, heldur það að hafa eitthvað til málanna að leggja. Margir í bænum eru tilbúnir að leggja sitt að mörkum. Ekki mikil vinna að setja 1-2 fundi í mánuði. Má líka skipta oftar um menn í nefndum ef vinnan er of mikil.

Athuga með fækkun nefnda

Lækka laun vegna nefndarsetu

Lækkun launa fyrir fundarsetur



Lækka laun nefndarmanna

Lækka nefndarlaun

Greiðslur til nefndarmanna bæjarins verðir álagsmetnar – þ.e.a.s. þær nefndir sem vinna mest og bera mesta ábyrgð fái hærri nefndarlaun en þær sem vinna minna og bera minni ábyrgð.

Hagræða í nefndum og skólafarfi.

Spurningar:

- a) Ef fundum nefnda verður fækkað, minnkar þá ekki skilvirkni ?
- b) Hver er kostnaður Garðabæjar við löggæslu.

Sem flestar nefndir verði ólaunaðar

Sameining og/eða fækkun nefnda

Sameina nefndir

Nú eru um 30 launaðar nefndir hjá bænum. Fækka og athuga hvort aðrir væru til í að vinna nefndarstörf launalaust.

Útsvar

Nýta fulla útsvarsprósentu tímabundið

Hækka útsvarsprósentu Garðabæjar kannski ekki í topp en t.d. þannig að 50-70 millj. næðust.

Hækka útsvar

Hækka útsvarsprósentu í 12,72%

Hækka útsvar í 12,76%

Strætó

Taka Strætó bs. til alvarlegrar athugunar

Almenningssamgöngur eru dýrar sérstaklega á nóttu.

Þjóða út akstur strætó

Endurskoða samning um strætó

Þjóða út akstur strætó.

Íþróttir

Hvatapeningar ?



Þú getur haft áhrif – íbúafundur 11. nóvember 2009

Betri stýring á notkun íþróttafélaga á íþróttamannvikjum, t.d. einn tími í viku úti eða sund þegar það á við.

Ýmis framlög til íþróttastyrkja má leggja niður.

Betra aðhald á Stjórnunni, lækka styrki/auka verkefni – fylgja fé betur eftir

Stuðningur við íþróttir og tómstundir fullorðinna verði lagður niður.

Golf er lúxusíþrótt

Minna fé til meistaraflokks Stjórnunnar

Minna fé til meistarflokka Stjórnunnar

Stofna annað íþróttafélag til að fá samkeppni við Stjörnuna.

Minni greiðslur til meistaraflokks Stjórnunnar – fé er dælt í hann. Ekki lögbundið verkefni.

Styrkir til íþróttafélaga séu eyrnamerkir börnum. Fullorðnir geta borgað fyrir sig sjálfir.

Þjónusta við aldraða

Tekjutengja afslátt af fasteignagjöldum

Set spurningu við tekjutengda niðurgreiðslu fasteignaskatta til aldraðra. Þetta er kostnaður upp á 50 m.kr.

Skera niður þjónustu til aldraðra í samræmi við fjármagnstekjuskatt

Full fasteignagjöld nema hjá þeim sem sækja um og uppfylla félagsleg úrræði

Afsláttur á fasteignagjöld sé ekki sjálfvirkur. Þeir sem eiga rétt á afslætti, sækji um árlega !!

Meningarmál

Fresta opnun Hönnunarsafns, rekstrarfé vegna þess er viðbót t.d. til 2011/2012

Meningarsvið ? Athugasemdir við útgjöld til Hönnunarsafns.

Framkvæmdir – Áhaldahús – Skipulagsmál

Setja verklegar framkvæmdir í bið

Betra skipulag á verklegum framkvæmdum og skipulagsmálum

Gatnagerð: stoppa/fara vel ofan í málin



Þú getur haft áhrif – íbúafundur 11. nóvember 2009

Skipulagsmál: stoppa/fara vel ofan í - 150 millj.

Fresta þeim framkvæmdum sem mögulegt er að fresta, t.d. umhverfismálum.

Áhaldahús, hvað er þar?

Meiri samvinna milli sveitarfélaga sérstaklega í skipulagsmálum.

Taka hagstætt lán og fara í viðhaldsframkvæmdir í bænum á hagstæðum verðum

Ekki eyða nema í nauðsynjar - ath. 50 m.kr. í miðbæ.

Þjóða út áhaldahús til verktaka

Urriðaholt?

Sameinast um rekstur áhaldahúss við nágrannasveitarfélögin

Samrekstur áhaldahúss með nágrannasveitarfélögum

Garðsláttur yfir til garðyrkju

Stofnað verði félag um sameiginlegt Áhaldahús nokkurra sveitarfélaga í stað þess að þjóða það út til þess að halda eignarhaldi yfir þeim tækjum og tólum sem Garðabær á í Áhaldahúsinu núna.

Lækka kostnað og hagræða í bruna- og almannavörnum.

Skilgreina Urriðaholtið sem draugabæ og hætta að byggja þar.

Sorphirða

Láta alla sem hafa fleiri en eina ruslatunnu borga aukalega

Sameiginlegar sorptunnur þegar það á við í stað þess að fjölga í 3 pr. hús

Draga úr sorphirðu

Skoða hvort greitt sé rétt verð fyrir sorphirðu

Skólamál

Húsaleigumál skóla: fara vel ofan í málin

Sameina grunnskóla, of margir miðað við íbúafjölda. Má sameina Flataskóla og Sjálandsskóla

Bara ein unglingadeild – hætta með unglingastig í Sjálandsskóla

Stærri bekkir með hámark 23-25 börn

Þjóða með 8. – 10. bekki í Sjálandsskóla



Þú getur haft áhrif – íbúafundur 11. nóvember 2009

Gera kostnaðarmat fyrir mötuneyti í skóla v.s. það sem er verið að greiða pr. barn pr. máltíð í dag (sem er 428 kr.)

Nýjar leiðir í skólastarfi , tekur tíma.

Spara í skólakerfinu, stærsta útgjaldaliðnum um ca. 50 m.kr.

Hagræðing í rekstri skóla.

Fá foreldra með í Reykjaferð

Finna leiðir til að gefa foreldrum kost á að taka þátt í kostnaði í starfi skóla (valkvætt)

Stytta skólaárið - Stytta skólaár í stað þes að skerða kennslustundir

Gera úttekt á kostnaði pr. nemanda í grunnskólum og hafa 9.-10. bekk í Garðaskóla

Gera úttekt á kostnaði pr. nemanda í barnaskóla Hjallastefnunnar

Stytta kennslustund í tónlistarskóla í 45 mín.

Tónlistarnám utan Garðabæjar

Sumarstarf unglinga skipulag betur þannig að meira virði komi út úr því fyrir bæ og börn

Hagræðing í skólamálum

Þjóða út grunnskólastarf til einkaaðila sbr. Barnaskóli Hjallastefnunnar

Sameina grunnskóla

Almennir grunnskólar: Draga úr kaupum og hönnun á tækjum og tólum (sem og húsnæði) ekki samasem merki við minni gæði

Flytja 7. bekk aftur á yngri stig, þ.e. í Flata- og Hofstaðaskóla

Breyta skólahverfum þannig að hvert skólasvæði nýtist betur t.d. Flataskóli. Þrátt fyrir frjáls val stýra skólahverfin vali nemenda.

Hafa eitt unglingastig: Garðaskóla

Sameina grunnskóla. Hvað kostar það bæinn aukalega að hafa Barnaskóla Hjallastefnunnar í bænum?

Vinnuskóli

Sameina Garðaskóla og Flataskóla og minnka stjórnunarkostnað í skólum

Þjóða út skólastarf/verðkönnun ath.

Sameining skóla

Þjóða út skólastarfið til einkaaðila. Þá nýtast fjármunirnir til handa börnunum og brúðlinu með fé verður hætt.



Þú getur haft áhrif – íbúafundur 11. nóvember 2009

Sameining grunnskólanna.

Tölvur í skólunum eiga að vera EIGN, en ekki leigðar á gengistryggðum kjörum.

Hagræða í nefndum og skólastarfi.

Almennt

Stytta opnunartíma

Minnka aðkeypta þjónustu

Lækka laun tímabundið.

Kanna alla samninga við einkafyrirtæki.

Þjónusta ætti að miðast við lögbundnar skyldur.

Slökkva á tölvum og ljósum yfir nóttina og spara rafmagn.

Flatur niðurskurður t.d. 5% - 10% á alla og alla rekstrarliði (útgjöld)
jafnræði, allir axla byrgðar, víða hægt að hagræða, safnast fita í góðræinu

Hækka laun svo einungis þurfi eina fyrirvinnu. Þá myndi atvinnuleysi hætta og hægt væri að leggja niður leikskóla. Mæðurnar yrðu heima að sinna börnunum.

Skera 2007-fituna burt

Handklæði í stað bréfpurrka

Þegar heimili þurfa að spara þá taka þau náttúrulega út lúxus, listir, skemmtanir. Þetta er vonandi tímabundið.

Átak – lokka fyrirtæki til okkar



Þú getur haft áhrif – íbúafundur 11. nóvember 2009